

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorp-hreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:	kr.
Íbúðir á Grenivík	8.400
Sveitabýli	8.400
Sveitaheimili	5.600
Sumarbústaðir á Grenivík	5.600
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	2.600
Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.	

Sorphirðugjald fyrirtækja flokkast þannig:	kr.
1. flokkur	5.600
2. flokkur	8.400
3. flokkur	26.000
4. flokkur	52.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps og staðfest í sveitarstjórn 3. og 17. desember 2001.

Grenivík, 3. janúar 2002.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Minni Borg - deiliskipulag ferðapjónustuhúsa.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 3. júlí 2001 samþykkt deiliskipulag ferðapjónustuhúsa í landi Minni Borgar í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Klausturgata-C á svæði Seyðishóla í landi Klausturhóla – breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Klausturgötu 4C.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 21. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Klausturgötu 4C á svæði Seyðishóla í landi Klausturhóla í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Kringla – breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, lóðir nr. 5 og 7, við Sólheimaveg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn þann 7. nóvember 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar, lóðir nr. 5 og 7, við Sólheimaveg í landi Kringlu í Grímsnesi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 3. janúar 2002.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 1/2002 um skilafresti á árinu 2002 fyrir launaskýrslur o.fl. skv. 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skilafrestur eftirtalinna gagna vegna ársins 2001 hefur verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til 28. janúar 2002:

1. Launamiðar (RSK 2.01) ásamt almennu launaframtali (RSK 1.05). Á launamiðum komi meðal annars fram sundurliðaðar upplýsingar um hvers konar greiðslur í formi launa og hlunninda eða til verktaka fyrir efni og vinnu, styrkja, bóta eða annarra tekna; svo sem áskilið er.
2. Greiðslumiðar vegna lífeyris, tryggingabóta og atvinnuleysisbóta.
3. Hlutfjármíðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04).
4. Upplýsingar hlutfélaga um kaupréttarsamninga (RSK 2.085).
5. Stofnsjóðsmíðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06).

Ofangreindur frestur er þó framlengdur til 8. febrúar 2002, enda sé gögnum skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu RSK.

II. Til 14. apríl 2002:

1. Gögn frá lífeyrissjóðum, líftryggingafélögum og fjármálastofnunum um iðgjöld og framlög launagreiðenda til lífeyrissjóða og til viðbótarlífeyristryggingar.
2. Upplýsingar fjármálastofnana um kaup, sölu og umbodsviðskipti með hlutabréf.
3. Greiðslumiðar (RSK 2.02) yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981.
4. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035).
5. Afurða- og innstæðumiðar (RSK 2.075) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.07).
6. Sjávarafurðamiðar (RSK 2.055) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.05).
7. Greiðslumiðar (RSK 2.025) yfir hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 75/1981 og ekki er gerð grein fyrir á skilagreinum RSK, sem taldar eru upp hér að framan. Hér er m.a. átt við þóknanir fyrir þjónustu og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda eða sérþekkingar.